

Birtist á Eyjan.is, 8. desember 2013.

Makrill: leiga og uppboð

Jón Steinsson

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra, hefur boðað að hann ætli að leigja makrillkvóta. Það er hið besta mál svo langt sem það nær. Lykilatriðið er vitaskuld hversu hátt leigugjaldið verður. Ekkert hefur komið fram hjá ráðherra um hversu hátt það verður eða hvernig það verður ákvarðað. Ef fyrri ákvarðanir hans hafa forspárgildi má gera ráð fyrir að útgerðin fái ríflegan afslátt af markaðsvirði (þ.e. endursöluverði). Úthlutunin mun þá fela í sér tugmilljarða gjöf til útgerðarmanna.

Ég hef talað fyrir því að leigugjaldið verði ákveðið með uppboði. Uppboð hefur þann kost – ef það er vel út fært – að verðið ræðst af markaðsvirði leiguréttindanna. Þannig yrði tryggt að leiguverðið yrði hvorki of hátt – sem myndi ógna rekstrargrundvelli útgerðarinnar – né of lágt – sem myndi snuða þjóðina af hluta auðlindaarðsins sem hún á tilkall til sem eigandi auðlindarinnar.

Sumir virðast telja að talsmenn uppboðsleiðar vilji að makrillkvóti verði seldur en ekki leigður. Það er af og frá. Það er alls ekkert samasemmerki milli þess að notast við uppboð og að selja makrillkvóta. Uppboð er alveg jafn gagnlegt til þess að ákvarða leigugjald og til þess að ákvarða kaupgjald.

Ég er mjög eindregið sammála því að það eigi að leigja makrillkvóta en ekki selja hann. Helstu rökin hvað þetta varðar set ég fram í þessari [grein](#)